



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 31. október 2018

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, 178. mál.

Tilv. 2018080010

Frumvarpið var birt til umsagnar 24. ágúst sl. og veittur frestur til að senda inn umsögn til og með 2. september nk. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni frumvarpsins og gera eftirfarandi athugasemdir.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 6. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998 um að dýralæknar í opinberum störfum skuli hafa vald á íslenskri tungu. Lagt er til að það verði ekki skilyrðislaus krafa heldur kveðið á um það í reglugerð hvenær það sé nauðsynlegt í tilviki dýralækna í opinberum störfum. Bændasamtökin telja nauðsynlegt að dýralæknar í opinberum störfum hafi vald á íslenskri tungu, nema í þeim störfum þar sem ekki er bein þörf á.

Samtökin leggja einnig áherslu á að allir dýralæknar sem fá leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi skuli hafa kynnt sér íslensk lög og reglur er varða störf dýralækna og kunnátta þeirra á því sviði sé sannreynd af lögskipuðu ráði um dýralækningar.

Virðingarfyllt

f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún V. Steingrimsdóttir

Reykjavík, 25. október 2018

Efni; Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr (íslenskukunnátta), 178. mál.

Drög að frumvarpi þessu voru birt til umsagna 24. ágúst sl. og gerði Dýralæknafélag athugasemdir við þau drög, þar sem þessari fyrirhugðu breytingu var mótmælt.

Í greinargerð með frumvarpinu er farið yfir tilefni og nauðsyn lagasetningar í lið 2. Þar kemur fram að tilefnið er álit umboðsmanns Alþingis á þeirri venju Matvælastofnunar að ráða erlenda ríkisborgara í stöður eftirlitsdýralækna og gera ekki kröfu um íslenskukunnáttu.

Dýralæknafélagið leitaði til umboðsmanns vegna þess að Matvælastofnun braut ítrekað lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr með þessum hætti og úr varð þetta álit. Ástæðan fyrir því að félagið leitaði eftir álit umboðsmanns var sú, að Matvælastofnun hefur ráðið erlenda dýralækna á lakari kjörum en íslenskir dýralæknar hafa fengið. Enn fremur telur Dýralæknafélagið að erlendu starfsfólki sem ekki er gert kleift að læra íslensku einangrist, leiti síður réttar síns og haldist síður í starfi. Áthugasemdir félagsins voru þannig byggðar á því að erlendir dýralæknar nytu ekki réttláttra kjara og ráðning þeirra væri til þess fallin að lækka launakostnað.

Í frumvarpi sjávarútvegsráðherra kemur fram vanþekking og áhugaleysi á vandamálinu sem Matvælastofnun stendur frammi fyrir. Vandamálið snýst ekki um að Matvælastofnun þurfi nauðsynlega að ráða fjölda útlenskumælandi dýralækna. Vandamálið er miklu umfangsmeira en það og snýst um gríðarlegt álag á starfsfólk, mikla starfsmannaveltu og skort á umsækjendum um auglýst störf þar sem dýravelferð, heilnæmi afurða og heilsa dýra og manna er í húfi.

Lausnin á þessu vandamáli er ekki að fella niður kröfuna um íslenskukunnáttu heldur sú að tryggja dýralæknum gott starfsumhverfi hjá Matvælastofnun og á öðrum vettvangi héraendis. Staðreyndin er sú að einungis um helmingur nýútskrifaðra dýralækna erlendis snúa heim til



Dýralæknafélag Íslands
Bætum líf og líðan

Íslands. Til þess að leysa þennan vanda þarf sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að tryggja fjármagn til Matvælastofnunar, svo hægt verði að ráða fleiri hæfa dýralækna í krefjandi verkefni, tryggja þannig næga mönnun og minnka starfsmannaveltuna.

Dýralæknafélagið vill í þessu skyni þrýsta á um framhald á þeirri vinnu sem þegar hefur verið unnin við heildarendurskoðun laga nr 66/1998 í nefnd á vegum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Atvinnuskilyrði dýralækna á Íslandi verða ekki með besta móti fyrr en ný lög eftir ráðleggingum áðurnefndrar nefndar líta dagsins ljós.

Stjórn Dýralæknafélags Íslands leggst gegn ofangreindri breytingu á lögum nr 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Fh. stjórnar DÍ

Charlotta Oddsdóttir

23.10.2018

Umsögn: Þingskjal 181 – 178. mál – stjórnarfrumvarp 149. Löggjafarþing 2018-2019

Ég styð þetta frumvarp eindregið og tek undir þær röksemdir fram koma í greinargerð með frumvarpinu. Um er að ræða breytingu á 5. mgr.6.gr. laga nr. 66/1998.

Núgildandi ákvæði gerir þá ófrávíkjanlegu kröfu að dýralæknar sem starfa í opinberri þjónustu skuli hafa vald á íslenskri tungu. Það er of langt gengið. Á vegum Matvælastofnunar starfa t.d. erlendir dýralæknar við eftirlitsstörf í sláturhúsum enda hefur reynst erfitt að fá innlenda dýralækna í þau störf. Slíkt starf flokkast sem opinber þjónusta en engar knýjandi ástæður eru fyrir hendi sem gera íslenskukunnáttu að nauðsynlegu skilyrði fyrir slíku eftirliti.

Til viðbótar þeim röksemdum sem færðar eru í greinargerð frumvarpsins má nefna að þessi breyting myndi auka mjög atvinnuöryggi þeirra erlendu dýralækna sem ráðnir eru í slíkt eftirlit og auka líkur á að þeir afli sér á endanum þekkingar í íslensku. Fram að þessu hafa þeir einungis haft tímabundna ráðningu sem hefur reynst óheppilegt í sumum tilvikum.



Bestu kveðjur, / Best regards,

Gunnar Þorkelsson DVM

Héraðsdýralæknir Suðurlandshérens / District Veterinary Officer



Matvælastofnun / Icelandic Food And Veterinary Authority

Austurvegi 64 - 800 Selfoss - Iceland

Sími/tel: (+354) 530 4800 - Fax : (+354) 530 4801 - www.mast.is

149. löggjafarþing 2018–2019.
Þingskjal 181 — 178. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Umsögn um breytingar á lögum um dýralækna

Nokkur orð um undirritaður:

Ég heitir Jarle Reiersen, er norskur og er menntaður dýralæknir. Frá um mitt ár 1993 hef ég starfað sem dýralæknir hér á Íslandi, frá 1993-2006 sem dýralæknir alifuglasjúkdóma hjá Embætti yfirdýralæknis/Landbúnaðarstofnun (fyrirrennari að Matvælastofnun), síðan frá 2007 til 2013 sem framleiðslustjóri/dýralæknir hjá Reykjagarði hf og frá síðla árs 2013 sem dýralæknir hjá Mjólkursamsölunni/Auðhumlu. Samhlíða starfinu sem dýralæknir alifuglasjúkdóma vann ég einnig sem landsráðunautur í alifuglarækt hjá Bændasamtökum Íslands. Íslenskt lækningaleyfi hef ég frá 1991, eftir að hafa dvalið hér í rúman mánuð á námskeiðum í lög og reglur ásamt því að fara í hæfnispróf. Í starfi mínu hef ég ávallt þurft að hafa mikil samskipti við bændur, bæði í töluðu og rituðu máli. Íslenskan hef ég alfarið lært sem fullorðin.

Það er dapurlegt að leggja til að breyta lög um dýralækna hvað varðar kröfur til tungumálakunnáttu erlendra dýralækna sem koma hér til að vinna. Hlutfall bænda sem hafa ekkert eða mjög illa tók á erlendum tungumálum er frekar hátt. Nógu erfitt reynist að láta sumir skilja „hreina“ íslensku til að hægt sé að ná fram úrbótum þar sem brýnustu þörf eru á breytingum. Mín reynsla er að það gangi lang best að ná breytingum af stað með leikni, ekki með boð og bönnum – í stuttu máli í gengum góð samskipti! Ég hef töluverða reynslu af þessu, get vísað í „byltinguna“ sem hefur átt sér stað í alifuglaræktinni hérlandis síðan ég kom til starfa. Breytingar til hins betra ættu ávallt að vera markmið vinnulag MAST.

Menntun íslenskra dýralækna fer í dag fram erlendis. Margir nýútskrifaðir íslenskir dýralæknar vilja gjarnan komast heim eftir menntun, en koma ekki. Af hverju? Jú að mínu mati vegna starfskjara – laun sem eru í boði eru einfaldlega of lág, einkum hjá opinberum dýralækna. Því kýs flestir að vinna erlendis á betri kjörum og betri aðstæður. Ég þekki fleiri íslenskir sem hafa komið heim, en þurft að snúa erlendis á nýjan leik. Hvað er gert í heilbrigðisgeiranum þar sem er skortur á heimilislæknum? Jú læknum er einfaldlega boðið betri kjörum! Þannig væri hægt að leysa þörf dýralækna hjá MAST – einfaldlega bjóða betur!

Undanfarið hef ég kannað kjör sem er í boði hjá MAST sem eftirlitsdýralæknir/héraðsdýralæknir. Svör sem koma frá MAST er að laun eru 25-40% undir laun sem ég er með í dag. Þá er einfalt að velja hvar maður vill vinna, einkum ef maður er nýútskrifaður og kem heim með ákveðinn skuldahali með sér.

Hérlandis eru hlutfall erlendir dýralæknar starfandi í opinberum geiranum frekar hátt, en hlutfallið er öfugt hjá sjálfstætt starfandi dýralækna. Það má gjarna lýsa staðan hjá nýútskrifaðan íslenskur dýralækni að hún (sjaldnast hann) fái vinnu í opinberan geirann til þess að komast heim frá útlöndum, en fer eitthvað annað eins fljótt og tækifæri býðst.

Mikil völd og ábyrgð fylgir því að vinna sem opinber dýralæknir. Stundum er spurning um hvort loka eigi á lífsviðveru fjölskyldna eða ekki. Ef tungumálaerfiðleika blandist í máli, er miður. Í mínu daglegu starfi um þessar mundir heyrir ég allt of oft um misskilning sem upp hafa komið vegna þess að

annaðhvort bóndinn hefur ekki skilið hvað var sagt við viðkomandi eða að eftirlitsaðili hefur ekki skilið skýringar bóndans.

Að lokum finnst mér heldur dapurlegt að stolt þjóð eins og Ísland eigi að gefa eftir krafan um tungumálakunnáttu vegna mannaefriðleika Matvælastofnunnar. Það er eftirgjöf í menningu og þjóðarstolt sem ég skil ekkert í. Starfandi erlendir dýralækna hérlendis eins og undirritaðan hafa allir gott af því að leggja á sig að læra íslensku og íslenskri menningu til að þjóna íslenskir þegna.

Mosfellsbær, 19.10.2018

Jarle Reiersen

Dýralæknir/norskur ríkisborgari

jarle.reiersen@gmail.com